
Danska

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Hæfni og kunnátta í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera áfram virkir þátttakendur í umfangsmiklu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik. Jafnframt er takmark námsins að nemendurnir öðlist skilning á skyldleika norrænu tungumálanna og menningunni að baki þeim, þeir læri að greina hvað einkennir hvert tungumál og geti skilið og tjáð skoðun sína í norrænu samhengi.

(Aðalnámskrá grunnskóla – ALMENNUR HLUTI 2011 – Greinasvið 2013, bls124)

Markmið

Hlustun: Að nemandi geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf.

Lesskilningur: Að nemandi geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans.

Samskipti: Að nemandi geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi.

Frásögn: Að nemandi geti tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.

Ritun: Að nemandi geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefurverið með.

Menningarläsi: Að nemandi geti sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.

Leiðir

Hlustun: Hlustunaræfingar, tónlist, þættir og bíómyndir.

Lesskilningur: Textar í námsbókum, smásögur, textar af netinu, tímarit, dagblöð og frjálislestrarbækur.

Samskipti: Samtalsæfingar og samtöl við kennara.

Frásögn: Samtalsæfingar og kynningar fyrir kennara og bekkjarfélaga.

Ritun: Æfingar í námsbókum, stuttar ritunaræfingar, tölvupóstar, plaköt og tölvuverkefni.

Menningarläsi: Þættir, bíómyndir, tímarit, blöð og dæguferni af netinu.

Námsmat

Skriflegt lokapróf á 1. önn, skriflegt lokapróf á 2. önn, skriflegt og munnlegt lokapróf á 3. önn. Vinnubækur og vinnusemi er metið til einkunnar eftir hverja önn. Þematengd verkefni og kynningar eru metin hverju sinni oftast með sjálfsmati, jafningjamati og kennaramati eftir því sem við á.

Námsgögn

Bækur: Dejlige Danmark, valdir kaflar úr Tænk og Smil.

Hlustun: Og det er Danmark, dönsk dægurlög og fl.

Myndir : Tempelriddernes skat, Terkel i knibe, Kidnappet og Max Pinlig.

Þættir: X-factor, Store nørd og fl.

Annað : Snak løs, smásögur, orðarugl, verkefni frá kennara og fl.
